

áveitunnar, skal þó vera áveitufélaginu óviðkomandi, án tillits til þess, hvernig þessi mannvirki voru gerð í upphafi.

155

31. ágúst

Breyting þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 31. ágúst 1953.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*

## S A M Þ Y K K T

156

2. sept.

um breyting á jarðræktarsamþykkt fyrir búnaðarfélag Biskupstungna, Grímsness og Laugardals í Árnessýslu — Ræktunarsambandið Ketilbjörn —, nr. 168 frá 21. desember 1946.

18. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa, stofnfé hans er kr. 450 000.00 — fjögur hundruð og fimmtíu þúsund krónur —. Tekjur stofnsjóðs eru: Helmingur stofnfjár skal lagður fram af hlutaðeigandi hreppabúnaðarfélagum, að hálfu sem óafturkræft tillag og að hálfu sem hlutafé, og greiði ræktunarsambandið 4% vexti af hlutafénu. Framlag hvers búnaðarfélags á ræktunarsvæðinu skal miðast við félagatölu í hverju félagi.

Hlutafjárins er heimilt að afla:

1. Með frjálsum, óafturkræfum fjárframlögum félagsmanna og annarra áhugamanna;
2. með jöfnu gjaldi af hverjum félagsmanni, og að hálfu lagt á landverð fasteigna á félagssvæðinu.

Hlutafé er óinnleysanlegt fyrstu 5 árin af starfstíma ræktunarsambandsins, en greiðist síðan til hlutafjánhafa að  $\frac{1}{5}$  árlega, ef þeir gera kröfu til.

Helmingur stofnsjóðs er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Leggst það í stofnsjóð jafnóðum og það greiðist úr framkvæmdasjóði.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 2. september 1953.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*